

**1938 nr. 80 11. júní****Lög um stéttarfélag og vinnudeilur**

**Tóku gildi 3. september 1938.** *Breytt með:* L. 70/1954 (tóku gildi 7. maí 1954). L. 33/1978 (tóku gildi 1. júní 1978). L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983). L. 91/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992). L. 75/1996 (tóku gildi 19. júní 1996). L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 20/2001 (tóku gildi 16. maí 2001). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017). L. 141/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019). L. 49/2019 (tóku gildi 26. júní 2019). L. 79/2019 (tóku gildi 6. júlí 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í brákv., sbr. einnig l. 25/2020, 20. gr.). L. 42/2022 (tóku gildi 7. júlí 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og vinnumarkaðsráðherra** eða **félags- og vinnumarkaðsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Um réttindi stéttarféлага og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.****■ 1. gr.**

□ Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélag og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkálýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

**■ 2. gr.**

□ Stéttarfélag skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

**■ 3. gr.**

□ Stéttarfélag ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.

□ Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

**■ 4. gr.**

□ Atvinnurekendur, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með:

- uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
- fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

**■ 5. gr.**

□ Stéttarfélag eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

□ [Samninganefnd eða fyrirsvarsmáður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri féлага eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi féлага eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

□ Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærur fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskrift-

ardegi sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

□ Standi [tvö eða fleiri stéttarfélag]<sup>1)</sup> að gerð kjarasamnings, vinnustaðarsamnings, fyrir félagsmenn á sama vinnustað skal hann borinn sameiginlega undir atkvæði allra félagsmanna sem hann tekur til og ræður meiri hluti niðurstöðu. Um gildistöku og afgreiðslu vinnustaðarsamnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum [3. mgr.]<sup>1)</sup>

□ Skyld er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 20/2001, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 75/1996, 1. gr.

**■ 6. gr.**

□ Allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

**■ 7. gr.**

□ Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

**■ 8. gr.**

□ Stéttarfélag bera ábyrgðina á samningsrofum þeim, sem félagið sjálf eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrahússtöfnum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

□ [Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarféлага bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 2. gr.

**■ 9. gr.**

□ Á hverri vinnustöð, þar sem a.m.k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir [kjarasamningar]<sup>1)</sup> séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

□ Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra og flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o.fl.

□ Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 1. gr.

#### ■ 10. gr.

□ Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans.

□ Strax og trúnaðarmanni hefur borist umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla, að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða fulltrúa hans, ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefur valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Enn fremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða fulltrúar hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

#### ■ 11. gr.

□ Atvinnurekendur og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

#### ■ 12. gr.

□ Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. gr.

#### ■ 13. gr.

□ Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendur og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

### II. kafli. Um verkföll og verkbönn.

#### ■ 14. gr.

□ Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

#### ■ 15. gr.

□ [Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna

um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

□ Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá fimmtungur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

□ Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er einkum ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

□ Samninganefnd eða til þess bærur fyrisvarsmönnum sammingsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftari, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestinin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 3. gr.

#### ■ 16. gr.

□ Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætluin er að hún hefjist.

#### ■ 17. gr.

□ Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldist óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.

3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmetta vinnustöðvun.

#### ■ 18. gr.

□ Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

#### ■ [19. gr.

□ Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 4. gr.

### III. kafli. Um sáttastörf í vinnudeilum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr. Ákvæði kafans gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til, sbr. 9. gr. s.l.

#### ■ [20. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar ríkissáttasemjara til fimm ára í sinn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og [hann má ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar

sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afpláun var að fullu lokið.<sup>2)</sup> Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

□ [Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.]<sup>3)</sup>

□ Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

□ Ríkissáttasemjari getur [tilnefnt]<sup>3)</sup> aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

□ Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

□ Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

□ [Laun ríkissáttasemjara nema 1.593.322 kr. á mánuði og þar af skal greiðsla fyrir yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir nema 382.880 kr. á mánuði. Launin skulu taka breytingum 1. júlí ár hvert. Hagstofa Íslands reiknar og birtir fyrir 1. júní hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins fyrir næstliðið almanaksár. Við mat á launabreytingum aflar Hagstofan skýrslna og gagna sem hún telur nauðsynleg og gerir jafnframt eigin kjararannsóknir eftir því sem hún telur þörf á. Við launaaufgreiðslu fyrir júlí uppfærir Fjársýsla ríkisins krónutölufjárhæð til samræmis við tölur Hagstofunnar. Ráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 141/2018, 40. gr. <sup>3)</sup> L. 83/1997, 33. gr. <sup>4)</sup> L. 79/2019, 15. gr., sbr. einnig brbákv. í s.l.

#### ■ [21. gr.]

□ Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [22. gr.]

□ Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

□ Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага.

□ Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kaupertaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

□ Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [23. gr.]

□ Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélag skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmatum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

□ Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [24. gr.]

□ Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitunir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

□ Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

□ Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttamedferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

□ Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [25. gr.]

□ Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

□ Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

□ Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

□ Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [26. gr.]

□ Sáttasemjari getur krafist aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafist allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [27. gr.]

□ Ef samningaumleitani sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

□ Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [28. gr.]

□ Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins deilu aðila eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

□ Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 1. mgr. eftir því sem við á.

□ Skilyrði þess að sáttasemjara sé heimilt að leggja fram miðlunartillögu, eina eða fleiri, samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,

b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,

c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,

d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,

e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstæða hjá hvorum hópnnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [29. gr.]

□ Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta miðlunartillögu

öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrir en greidd hafa verið atkvæði um hana.

□ Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

□ Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyriræli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [30. gr.]

□ Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [31. gr.]

□ Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meira en helmingur greiddra atkvæða er á móti henni og ef mótatkvæði eru fleiri en fjórðungur atkvæða samkvæmt atkvæðaðeila félagaskrá. Þetta gildir jafnt um atkvæðagreiðslu á kjörfundi og póstatkvæðagreiðslu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [32. gr.]

□ Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [33. gr.]

□ Ef sáttatilaunum í mikilvægru deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álitur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [34. gr.]

□ Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [35. gr.]

□ Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilaunum sínum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

■ [36. gr.]

□ Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og við-

staddir aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

#### ■ [37. gr.

□ Ríkissáttasemjari skal senda [ráðherra]<sup>1)</sup> skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 75/1996, 5. gr.

### IV. kafli. Um Félagsdóm.

#### ■ 38. gr.

□ [Setja skal á stofn dómstól fyrir allt landið.]<sup>1)</sup> Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefur það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 49/2019, 1. gr.

#### ■ 39. gr.

□ [Í Félagsdómi eiga sæti fimm dómara sem skipaðir eru af ráðherra.

□ Hæstiréttur skal tilnefna þrjá dómara, þar af forseta og varaforseta dómsins, og skulu þeir allir skipaðir ótímabundið. Hæstiréttur tilnefnir jafnframt tvo dómara til vara sem báðir skulu skipaðir ótímabundið. Þeir dómara sem ráðherra skipar í Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar skulu vera skipaðir dómara við Landsrétt eða héraðsdómstól á meðan þeir gegna embætti dómara við Félagsdóm. Skal Hæstiréttur gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast meðal tilnefndra dómara nema hlutlægar ástæður leiði til annars.

□ Tveir dómara og jafnmargir til vara skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins annars vegar og Alþýðusambandi Íslands hins vegar og skulu þeir skipaðir til þriggja ára í senn. Þeir skulu uppfylla hæfisskilyrði 1.–6. tölul. 2. mgr. 29. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016.

□ Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Samtökum atvinnulífsins skal sá dómari sem tilnefndur er af samtökunum víkja sæti. Í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það í síðasta lagi við þingfestingu málsins, eða tilnefnir forseti dómsins dómarrann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands. Skal tilnefndur dómari uppfylla hæfisskilyrði 1.–6. tölul. 2. mgr. 29. gr. laga um dómstóla, nr. 50/2016.

□ Þegar mál skv. 2. mgr. 44. gr. koma til meðferðar í Félagsdómi skulu þeir dómendur sem tilnefndir eru af Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands víkja sæti. Í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndi hvor sinn mann úr hópi 18 manna sem tilnefndir eru af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráðið tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Samtökin tilnefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli aðila máls og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

□ Ráðherra óskar eftir tilnefningum um dómara við Félagsdóm þegar það á við. Ráðherra skal vekja athygli starfandi dómara við Landsrétt og héraðsdómstóla á fyrirhugaðri skipun dómara í Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, sbr. 2. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 2. gr.

#### ■ 40. gr.

□ [Ráðherra veitir þeim dómurum sem hann skipar í Félagsdóm samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar lausn frá embætti eftir sömu reglum og almennt gilda um veitingu lausnar frá

embætti dómara samkvæmt lögum um dómstóla. Enn fremur veitir ráðherra dómurum við Félagsdóm lausn frá embætti sé þeim veitt lausn frá embætti dómara við Landsrétt eða héraðsdómstól, eftir því sem við á, án þess að þeir séu skipaðir dómara að nýju við annan dómstól.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 3. gr.

#### ■ 41. gr.

□ Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal sá, sem hefur tilnefnt þá, tilnefna dómara í þeirra stað, eða gerir dómsforseti það.

#### ■ 42. gr.

□ [Dómara við Félagsdóm eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara dómara við Félagsdóm eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 4. gr.

#### ■ 43. gr.

□ Áður en dómara taka sæti í dómnum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómara starfið eftir bestu vitund.

#### ■ 44. gr.

□ Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmatra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á [kjarasamningi]<sup>1)</sup> eða út af ágreiningi um skilning á [kjarasamningi]<sup>1)</sup> eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem [aðilar]<sup>1)</sup> hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendum því meðmæltir.

□ [Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir [lög um handiðnað],<sup>1)</sup> svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 70/1954, 2. gr.

#### ■ 45. gr.

□ Sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda félaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir [aðilar]<sup>1)</sup> reka mál sín sjálfir.

□ Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er [aðila]<sup>1)</sup> heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir [forseta]<sup>1)</sup> Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 6. gr.

#### ■ 46. gr.

□ [Málsaðilar geta gefið þeim sem uppfylla skilyrði 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, umboð til að reka mál sín fyrir Félagsdómi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 7. gr.

#### ■ 47. gr.

□ Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 44. gr. 3. tölul.

#### ■ 48. gr.

□ [Dómurinn er ekki starfhæfur nema hann sé fullskipaður. Þó getur forseti dómsins ákveðið að einn dómari eða fleiri

haldi dómþing til að þingfesta mál, taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.

□ Dómarar við Félagsdóm sem hafa byrjað meðferð mála skulu ljúka þeim þrátt fyrir að skipunartími þeirra sé á enda.

□ Dómarar við Félagsdóm sem tilnefndir eru af Hæstarétti víkja sæti eftir sömu reglum og gilda þegar dómurum við Hæstarétt ber að víkja sæti. Félagsdómur úrskurðar hvort dómari skuli víkja sæti.

□ Dómara við Félagsdóm er heimilt að biðjast undan máli vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða lögmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum. Forseti Félagsdóms tekur afstöðu til slíkrar beiðni.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 8. gr.

#### ■ 49. gr.

□ [Forseti]<sup>1)</sup> dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 9. gr.

#### ■ 50. gr.

□ [Forseti]<sup>1)</sup> gefur út stefnu í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn [aðila]<sup>1)</sup> og heimilisfang, ítarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Enn fremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér [forseti]<sup>1)</sup> um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

□ [Forseti ákveður stefnufrest, m.a. með hliðsjón af því hvort flýta þurfi rekstri máls.

□ Stefnandi sér um birtingu og skal stefna birt af stefnuvotti á venjulegan hátt.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 10. gr.

#### ■ 51. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 11. gr.

#### ■ 52. gr.

□ Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef [stefndi]<sup>1)</sup> hvorki mætir né lætur mæta.

2. Ef [málsaðilar]<sup>1)</sup> eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álitur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 12. gr.

#### ■ 53. gr.

□ Stefndi getur komið fram gagnkröfu, án þess að höfða þurfi gagnsóknarmál.

#### ■ 54. gr.

□ [Dómurinn sér um að mál upplýsist sem best. Dómurinn getur krafist aðila um skýrslu ef hann álitur það nauðsynlegt til að upplýsa mál.<sup>1)</sup>

□ Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að álitu dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál teyjist ekki að óþörfu.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 13. gr.

#### ■ 55. gr.

□ [Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Eftir kröfu aðila skal dómari láta vitni staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti að skýrslugjöf lokinni, eftir sömu reglum og gilda um meðferð einkamála í héraði.

□ Dómurinn getur ákveðið að gefa skuli aðilaskýrslu eða að taka skuli vitnaskýrslu fyrir héraðsdómi á varnarpingi hlut- aðeigandi vitnis eða aðila.

□ Um vitnaskýldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslu, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og um meðferð einkamála í héraði.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 14. gr.

#### ■ 56. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 15. gr.

#### ■ 57. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 15. gr.

#### ■ 58. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 15. gr.

#### ■ 59. gr.

□ Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra eftir ákvörðun dómsins.

□ Dómurinn getur enn fremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur [um meðferð einkamála].<sup>1)</sup>

□ [Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra aðila um ákveðið atriði.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 91/1991, 161. gr. <sup>2)</sup> L. 42/2022, 16. gr.

#### ■ 60. gr.

□ Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

#### ■ 61. gr.

□ Dómurinn ákveður þóknun til vitna og skoðunar- og matsmanna.

#### ■ 62. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 17. gr.

#### ■ 63. gr.

□ Dómurinn sektar [aðila],<sup>1)</sup> málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu í málflyttingu eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

□ Dómarinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmlega framkomu.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 18. gr.

#### ■ 64. gr.

□ Í dómum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði [forseta]<sup>1)</sup> úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

□ [Félagsdómur skal kveða upp dóm svo fljótt sem þörf krefur, að teknu tilliti til þeirra hagsmuna sem eru í húfi hverju sinni. Hafi mál verið höfðað til að fá skorið úr um lögmæti boðaðrar vinnustöðvunar skal dómur kveðinn upp áður en fyrirhuguð vinnustöðvun hefst.<sup>1)</sup>

□ Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 19. gr.

#### ■ 65. gr.

□ Dómurinn getur dæmt [aðila]<sup>1)</sup> til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

□ Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 18. gr.

#### ■ 66. gr.

□ [Allur kostnaður við Félagsdóm greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. [Stjórn dómstólasýslunnar]<sup>1)</sup> ákveður þó þóknun til dómara.<sup>2)</sup>

□ Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

<sup>1)</sup> L. 79/2019, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 130/2016, 8. gr.

■ **67. gr.**

□ Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði [kæra]<sup>1)</sup> til hæstaréttar:

1. [Frávísunardóm eða úrskurð]<sup>2)</sup> um frávísun.

2. [Dóm]<sup>2)</sup> til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.

3. [Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssektir skv. 60. og 63. gr.]<sup>2)</sup>

[4. Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 91/1991, 161. gr. <sup>2)</sup> L. 20/2001, 3. gr.

■ **68. gr.**

□ [Forseti]<sup>1)</sup> gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 9. gr.

■ **69. gr.**

□ [Að öðru leyti en kveðið er á um í lögum þessum um meðferð mála fyrir Félagsdómi gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 20. gr.

**V. kafli. Niðurlagsákvæði.**

■ **70. gr.**

□ Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum . . . <sup>1)</sup>. Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

□ [Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 75/1996, 8. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ [Þrátt fyrir 39. gr. heldur skipun dómara við Félagsdóm til þriggja ára frá 1. nóvember 2019 gildi sínu út skipunartím-ann. Hið sama á við um gildi skipunar forseta Félagsdóms frá 1. september 2021.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 42/2022, 21. gr.